

## GJALDSKRÁ

### Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar.

Gjaldskrá fyrir hfnir Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar er sett samkvæmt heimild í 17. gr. hfnalaga nr. 61/2003.

Við ákvörðun hafnagjalfa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþyktarinnar um mælingu skipa frá 1969. Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnasjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnanna og njóta þjónustu þeirra.

**Hafnagjöld:**

*Lestargjöld:* 10,50 kr. á mælieiningu.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald 10,50 kr. á mælieiningu en þó ekki oftar en tvívar í mánuði að jafnaði.

*Bryggjugjöld:*

5,25 kr. á mælieiningu fyrir hverja byrjaðar 24 klst.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og bátum undir 100 brt sem mánaðargjald.

Minni bátar yfir 20 brt greiða kr. 7.578 fyrir hvern mánuð.

Bátar milli 10 brt og allt að 20 brt greiða kr. 5.088 fyrir hvern mánuð.

Bátar undir 10 brt greiða kr. 4.213 fyrir hvern mánuð.

100% álag er vegna fasts viðlegupláss.

Gjald vegna Sævars (Hríseyjarferju), bryggjugjald og lestargjald í 15 daga hvern mánuð.

Gjald vegna Sæfara (Grímseyjarferju), bryggjugjald og lestargjald í 30 daga hvern mánuð.

*Önnur skip sem ekki greiða aflagjald:*

Farþegagjald greitt mánaðarlega samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila s.s. hvalaskoðun/ sjóstöng, 150 kr. á farþega.

**Vörugjöld:**

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnanna, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum til Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar, vegna álagningar vörugjalda.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til erlendra hafna, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skal láta Hafnasjóði Dalvíkurbyggðar í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðaðar, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

1. fl.: Gjald 284 kr. fyrir hvert tonn:

Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, sement, asfalt, steinefni, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2. fl.: Gjald 335 kr. fyrir hvert tonn:  
Lýsi, fiskimjöl, fiskafóður og sjávarafurðir.
3. fl.: Gjald 505 kr. fyrir hvert tonn:  
Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurolíur, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Pökkud og niðursoðin matvæli, áfengar drykkjarvörur og ávextir.
4. fl.: Gjald 1.299 kr. fyrir hvert tonn:  
Aðrar vörur, sem ekki eru tilgreindar í 1.-3. fl.
5. fl.: Aflagjald:  
Ferskur fiskur 1,6%.  
Frosinn fiskur af brúttóverðmæti 0,8%.  
Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

#### **Vatns- og rafmagnssala:**

Rafmagn pr. kwst. kr. 13,75 og breytist í samræmi við gjaldskrá RARIK og Orkusölunnar.

Útleiga á rafmagnsmælum á viku 91 kr.

Kalt vatn pr. tonn 235 kr.

Vatnsgjald smábáta 336 kr.

Lágmarksgjald 2.343 kr.

Heitt vatn pr. tonn 2.370 kr.

Heitt vatn lágmarksgjald 3.035 kr.

Ef tenging fer fram utan reglubundis vinnutíma, greiðist útkall 4.182 kr. pr. klst.

Lágmarksútkall er 4 klst.

#### **Móttaka skipa:**

Festargjald fyrir hverja komu/brottför fyrir hvern mann er 8.804 kr. í dagvinnu. Í yfirvinnu er það 16.673 kr. Þegar skip leggur að bryggju skal a.m.k. einn starfsmaður hafnarinnar taka á móti því, en þó er heimilt að veita undanþágu frá þessari reglu í sérstökum tilfellum.

#### **Siglingavernd:**

Við komu skipa, sem falla undir ákvæði laga um siglingavernd nr. 50/2004, ber að greiða eftir-talin gjöld:

Öryggisgjald kr. 30.311.

Öryggisgæsla per. öryggisvörð í dagvinnu kr. 4.182 kr. pr. klst.

Öryggisgæsla per. öryggisvörð í yfirvinnu kr. 6.302 kr. pr. klst.

#### **Geymslugjald á hafnasvæði:**

Hafnarbakki/vörur pr. fermetra mánaðargjald 57 kr.

Veiðarfæri og búnaður frítt í 5 daga síðan 2.165 kr. pr sólarhring.

Geymslugjald á 20 feta gámi mánaðargjald 1.083 kr.

Geymslugjald á 40 feta gámi mánaðargjald 1.299 kr.

#### **Vigtargjald:**

Almenn vigtun á lönduðum afla 119 kr. á tonn.

Flutningabílar pr. skipti 1.299 kr.

Vigtun lágmarksgjald pr. mánuð 1.154 kr.

Úrtaksgjald pr. tonn sem ekki er vigtað/frystiskip 57 kr.

Kranagjald pr. tonn 217 kr.

Útkall milli kl. 17:00 og 08:00 virka daga, svo og um helgar, greiðist sérstaklega 4.182 kr. pr. klst. Lágmarksútkall er 4 klst.

**Gjöld fyrir smábáta:**

Bás við flotbryggju, bátar undir 10 brt pr. mánuð 6.495 kr.  
 Bás við flotbryggju, bátar milli 10 og 20 brt pr. mánuð 7.423 kr.  
 Legufæragjald pr. mánuð 1.732 kr.  
 Uppsátursgjald pr. mánuð 1.624 kr.  
 Daggjald báta undir 10 brt 1-10 dagar, pr. dag 433 kr.  
 Daggjald báta 10-20 brt 1-10 dagar, pr. dag 485 kr.  
 Afsláttur ellilifeyrisþega 20%.

**Sorphirðugjald:**

Bátar að 10 brt á sjó pr. mánuð 608 kr.  
 Bátar 10-20 brt á sjó pr. mánuð 990 kr.  
 Bátar allt að 50 brt á sjó pr. mánuð 1.289 kr.  
 Bátar 50-100 brt pr. mánuð 2.578 kr.  
 Skip 100-200 brt pr. skipti 1.217 kr., þó aldrei hærra en tvöfalt gjald pr. mán.  
 Skip 200-500 brt pr. skipti 2.124 kr., þó aldrei hærra en tvöfalt gjald pr. mán.  
 Skip yfir 500 brt pr. skipti 5.000 kr., þó aldrei hærra en tvöfalt gjald pr. mán.

**Um innheimtu og greiðslu gjalda:**

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Skipstjóri, eigandi og umráðamaður skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar vegna skipsins. Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfn og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt komið sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnanna. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrir en gjaldið er greitt.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Öll gjöld í þessari gjaldskrá eru án virðisaukaskatts.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2014.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 3. desember 2013.

*Dalvikurbyggð, 4. desember 2013.*

**Svanfríður Inga Jónasdóttir** sveitarstjóri.